Vegna: Máls nr. 0580/2024, Kársnes Þróunarsvæði. Rammahluti aðalskipulags. (Kynning tillögu á vinnslustigi)

Athugasemd:

Meðfylgjandi er umsögn Vegagerðarinnar

Höfundur: Cecilía Þórðardóttir/cecilia.thordardottir@vegagerdin.is

Sent inn þann: 21.02.2025 , **Fyrir hönd:** Vegagerðin - Höfuðborgarsvæði

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026

Mál nr. 580/2024
Rammahluti Aðalskipulags
Kópavogsbær
Karlotta Helgadóttir, í umboði fyrir Kópavogsbæ

Umsögn vegna rammahluta Aðalskipulags Kópavogs 2019-2040 vegna Kársness þróunarsvæðis

Rammahluti aðalskipulags Kópavogs 2019-2040 hefur verið sendur til umsagnar. Um er að ræða skipulag fyrir fyrstu þróunarsvæði á Kársnesi.

Vinnslutillagan gerir ráð fyrir breytingu á uppbyggingaráformum á vesturenda Kársnestáar, svokölluðu Þróunarsvæði ÞR-1 og Bryggjuhverfis á norðanverðu nesinu.

Breyta á aðalskipulagi á þann veg að heimilt verður að þróa svæðið frekar og bæta um 690 íbúðum við gildandi aðalskipulag. Ekki er gert ráð fyrir aukningu í að fermetrum atvinnuhúsnæðis en breyting verður gerð á tegund atvinnustarfsemi sem nú er þar og gert er ráð fyrir að iðnaðar- og athafnastarfsemi sé víkjandi á svæðinu næstu árin og áherslu verður lögð á þjónustu fyrir íbúa ásamt verslun og skrifstofum.

Vegagerðin hefur yfirfarið innsend gögn skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, og gerir eftirfarandi athugasemdir:

Vegagerðin fer fram á að fá skipulagið til umsagnar á öllum stigum og vekur athygli á ritinu „Vegir og skipulag“ sem unnið var af VSÓ ráðgjöf fyrir og í samvinnu við Vegagerðina og Samband íslenskra sveitarfélaga en ritinu er ætlað að stuðla að skilvirku samráðsferli við skipulagsvinnu þannig að tekið sé nægilegt tillit til samgöngumannvirkja á ábyrgð Vegagerðarinnar. Sjá heimasíðu Vegagerðarinnar.

Umferðargreiningin sem fylgir skipulagstillögunni fjallar um ferðasköpun og skiptingu á milli ferðamáta ásamt því að tilgreina framtíðarmöguleika til að auka notkun sjálfbærra samgöngumáta með tilkomu Borgarlínu og Fossvogsbrúar. Settar eru fram þrjár sviðsmyndir varðandi ferðasköpun og ferðamáta. Sviðsmynd 1 byggir á núverandi ferðavenjum íbúa í póstnúmeri 200. Sviðsmynd 2 byggir á breyttum ferðavenjum út frá markmiðum Aðalskipulags Kópavogs 2019 – 2040 og Sviðsmynd 3 miðar við markmið Sambands sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Ef öll markmið um breyttar ferðavenjur ná fram að ganga verður ferðasköpun með bíl um 6.100 bílar á sólarhring en miðað við óbreyttar ferðavenjur má búast við aukningu um 12.600 ferðum á bíl á sólarhring.

Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Garðabær
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Í ljósi fyrirsjáanlegrar aukningar á bílferðum, er nauðsynlegt að meta áhrif á nærliggjandi vegakerfi og þá sérstaklega stofnvegi í umsjá Vegagerðarinnar. Þeir stofnvegir sem eru næstir svæðinu eru Hafnarfjarðarvegur og Nýbýlavegur og munu þeir að öllum líkindum taka við stórum hluta af þessari umferð.

Gera þarf heildstæða greiningu á áhrifum reitsins á stofnvegakerfið í samgöngulíkan höfuðborgarsvæðisins (SLH). Vegagerðin fer framá að allar þrjár sviðsmyndir sem skoðaðar eru í umferðargreiningunni séu keyrðar í SLH til að hægt sé að meta áhrif á nærliggjandi vegi og stofnvegi Vegagerðarinnar. Fyrr er ekki hægt að taka afstöðu til þessarar tillögu.

Vegagerðin bendir á að til að ná markmiðum um breyttar ferðavenjur, og þá sérstaklega aukinn hlut almenningssamgangna í ferðum, þá er grundvallarskilyrði að Fossvogsbrú sé komin í notkun og Borgarlínan eða strætó gangi þarna um með góðri tíðni áður en íbúar flytja inn eða fyrirtæki taka til starfa til að aðrar ferðavenjur festist ekki í sessi.

Í greinargerð fyrir rammahluta skipulags er samantekt á umhverfismati þar sem uppbygging á svæðinu er metin hafa jákvæð áhrif í öllum þeim flokkum sem hafa verið metnir. Vegagerðin telur að í þessari samantekt sé ekki fyllilega gerð grein fyrir neikvæðum áhrifum aukinnar umferðar á íbúa nærliggjandi svæða m.t.t. hávaða, loftgæða og slysahættu. Meta þarf þessi áhrif á raunhæfan hátt.

Að auki vísar Vegagerðin í fyrri umsögn dagsetta 19. júní 2024 varðandi viðmiðunarreglur um lágmarks land- og gólfhæðir fyrir byggð á Kársnesi.

Vegagerðin

Virðingarfyllst
f.h. Vegagerðarinnar
Cecilía Þórðardóttir

Þetta skjal hefur verið samþykkt rafrænt

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026